



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2010

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um þingsályktunartillögu
um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar,
139. löggjafarþing 2010-2011, þingskjal 68 – 67. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að skipuð verði nefnd sem hafi það verkefni að móta reglur og eftir atvikum semja frumvarp til laga um verkferla, meðferð og þýðingu faglegs hæfnismats við skipan í opinber embætti.

Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar þessari tillögu og telur að hún geti stuðlað að því að aukins jafnræðis sé gætt við skipan í opinber embætti. Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við þingsályktunartillöguna. Hún vill engu að síður koma eftirfarandi á framfæri:

Skipan í opinber embætti er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, í 11. gr. laganna er að finna hina almennu jafnræðisreglu sem á að gilda í öllum störfum stjórnvalda. Jafnræðisregluna er líka að finna í 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og þar segir „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Jafnræðisreglan er grundvallarregla í íslenskri stjórnskipan og íslenskum rétti. Í reglunni felst meðal annars að ekki er heimilt að mismuna fólki vegna ómálefnalegra sjónarmiða þegar teknar eru ákvarðanir um mál þeirra hjá stjórnvöldum. Jafnræðisregluna er jafnframt að finna í ýmsum alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að, má þar t.d. nefna 7. gr. Mannréttindafyrirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 26. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála leg réttindi og 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Ljóst er af ofangreindu að jafnræði aðila hvort sem er fyrir stjórnvöldum eða á annan hátt fyrir lögum er grundvallarregla sem ávallt skal gæta til fulls. Af þeim fjölda mála sem borist hafa umboðsmanni Alþingis, kærufnd jafnréttismála og dómstólum þar sem dregið er í efa að málefnaleg sjónarmið hafi verið höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku stjórnvalds, sérstaklega er lítur að skipun eða ráðningu í opinbert starf eða stöðu, er greinilegt að úrbóta er þörf í þessum málum. Telur Mannréttindaskrifstofan að með setningu laga, gerð verkferla og reglna um meðferð slíkra mála megi



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

bæta verulega úr og stuðlar það einnig að því að auka fagleg vinnubrögð og gera skipunarferlið gegnsærra fyrir almenning.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri.